

Námsáætlun fyrir ensku - 8. bekkur
skólaárið 2023-2024



Kennari: Bjarni Halldór Janusson, Karolina Kryspowicka-Lisinska

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið Við lok 8. bekkjar getur nemandi:	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"> • Skilið talað mál um ýmis málefni. • Greint aðalatriði úr kynningum og frásögnum og nýtt sér efni þeirra án vandkvæða. • Fylgst með efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju og jafnframt unnið úr því. 	Nemendur hlusta á margvísleg verkefni og texta úr námsefni eða öðru viðeigandi efni.	Verkefni og hlustunarkannanir
Lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Aflað sér upplýsinga úr texta, greint helstu aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu. • Lesið sér til fróðleiks, sagt frá og unnið úr hvers kyns efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi með einum eða öðrum hætti. • Lesið sér til gagns, ánægju og þroska skáldskap ætluðum ungu fólki, myndað sér skoðanir á efninu og tileinkað sér það í daglegu lífi. 	Nemendur lesa fjölbreytta texta og vinna með þá á ýmsan hátt. Nemendur vinna einkum verkefni í vinnubók og lesbók.	Verkefni, glósupróf og skilningskannanir
Samskipti & Frásögn	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu, tjáð sig nokkuð skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni og brugðist við spurningum um efnið sem um ræðir. • Tekist á við ólíkar aðstæður í almennum samskiptum og tekið þátt í óformlegu spjalli um almennt efni, eigið samfélag og daglegt líf. 	Nemendur tjá sig á ensku. Lögð verður áhersla á að samskipti í kennslustundum fari fram á ensku. Nemendur tjá sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem þeir þekkja til og hafa unnið með í náminu og segja jafnframt skoðun sína á því og bregðast við spurningum.	Metið verður hvort nemandi taki virkan þátt í samræðum á enskri tungu.

Ritun	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifað samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á og skrifað um það sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið. • Skrifað rétta stafsetningu algengra orða og beitt fjölbreyttum orðaforða í tjáningu um eigin skoðanir, tilfinningar, reynslu og þekkingu. • Samið skilaboð í almennum samskiptum og texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. 	Nemendur skrifa setningar og samfelldan texta. Nemendur vinna með ákveðna þætti sem skila sér í ritun.	Ritunarverkefni metin til einkunnar.
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma. • Greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, svo sem eftir þjóðerni, búsetu, stéttarstöðu o.s.frv. 	Nemendur kynnst menningarheimi enskumælandi landa í gegnum námsefnið.	Verkefnavinna
Sjálfstæði og samvinna	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið með öðrum og tileinkað sér jákvætt viðmót og hugarfar í samskiptum við aðra. • Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi. • Unnið vel og farið eftir fyrirmælum. • Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi. 		
<p>Námsgögn: Spotlight 8, annað námsefni frá kennara, orðabækur, veraldarvefurinn o.s.frv.</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C , D.</p>			